

Ed.

§§§. Tillaga

til þingsályktunar um vegamál.

(Eftir síðari umr. í Nd.)

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að athuga og undirbúa undir næsta þing það, sem hjer segir:

1. Hvort eigi sje rjett, að vegurinn frá Krosshöfða í Hjaltastaðapingná að Fagradalsbraut við Egilsstaði verði tekinn upp í tölu flutningabrauta.
2. Beiðni frá Hafnirðingum um þjóðveg á milli Hafnarfjarðar og Suðurlandsbrautar á hentugum stað sje athuguð og málið undirbúið.
3. Athuguð sje sú krafa frá Múlasýslum, um að viðhaldskostnaði Fagradalsbrautar sje að nokkru ljett af sýslunum, með því að meiri hluti brautarinnar liggur í óbygðum.
4. Athuguð sje sú krafa frá Árnesingum og Rangæingum, að ljett verði af sýslunum viðhaldi flutningabrautarinnar frá vegamótum undir Ingólfsfjalli og austur að Ytri-Rangá.
5. Þá hlutist stjórnin til um það, að vegamálastjóri haldi að öðru leyti áfram þeim athugunum, sem þegar mun vera byrjað á, að koma vegakerfi landsins í fast horf, og jafnframt að gera tillögur um, hvar mest nauðsyn beri til framkvæmda í vega- og brúargerðum.